



Reykjavík 09.07.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 4. júlí 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Kópavogsgöng

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. febrúar 2018, ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjafar dags. nóvember 2017, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í að fella út Kópavogsgöng. Tillagan var auglýst frá 11. maí 2018 til og með 22. júní 2018. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn deildarstjóra Aðalskipulags. dags. 2. júlí 2018.

*Samþykkt með vísan til umsagnar deildarstjóra Aðalskipulags. dags. 2. júlí 2018.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Eypór Laxdal Arnalds, Valgerður Sigurðardóttir og
Hildur Björnsdóttir sátu hjá við afreiðslu málsins.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. febrúar 2018, ásamt umhverfisskýrslu VSÓ ráðgjafar dags. nóvember 2017 og umsögn deildarstjóra Aðalskipulags. dags. 2. júlí 2018.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Kópavogsgöng. Stofnbraut felld út

Stofnbraut og gangamunni í Fossvogsdal felldur út

Gangamunni og mislæg gatnamót felld út og breytt landnotkun í Suður-Mjódd

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu
sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr.17
Febrúar 2018

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
var samþykkt í borgarráði þann _____ 20_.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010 þann _____ 20_.

Efnisyfirlit

1	Gildandi skipulag og helstu forsendur.....	4
2	Markmið og tilgangur breytinga.....	6
3	Breytingartillögur (drög).....	6
4	Umhverfismat.....	8
5	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.....	9
6	Afgreiðslu- og kynningarferli	9
7	Viðauki	9

1 Gildandi skipulag og helstu forsendur

Kópavogsgöng, sem tengja Reykjanesbraut við Kringlumýrarbraut og áfram um fyrirhuguð Öskjuhlíðargöng við Hringbraut, voru skilgreind sem hluti framtíðar gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sem staðfest var í byrjun árs 2001.¹ Á sama tíma var gert ráð fyrir þeim í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og aðalskipulagi Kópavogs um svipað leyti. Svæðisskipulagið 2001-2024 var unnið á árunum 1998 til 2002 og við vinnu þess var lagt til grundvallar megin markmiðið um skilvirkar bílsamgöngur, svo sem verið hafði stefnumörkun sveitarfélaganna undanfarin 40 ár. Í forsendum þess var beitt hefðbundnum umferðarreikningum, þar sem ekki var gert ráð fyrir möguleikum þess að ferðavenjur breyttust né að drægi úr fjölda ferða á hvern íbúa. Þvert á móti var reiknað með að fjöldi ferða á hvern íbúa myndi jafnvel aukast. Niðurstaða umferðarreikninganna, í takti við megin markmið svæðisskipulagsins, bentu til þess að í lengri framtíð yrði mögulega þörf á stofnbraut sem tengdi Smáralind við Reykjanesbraut, stystu leið til miðborgar Reykjavíkur.

Grunnforsendur svæðisskipulagsins 2001-2024 voru teknar til endurskoðunar við gerð gildandi svæðisskipulags, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, en undirbúningur þeirrar vinnu hófst 2013. Við gerð Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 höfðu þessar forsendur einnig verið rýndar og öðrum aðferðum beitt við umferðarreikninga og lagt upp með önnur megin markmið um þróun samgöngukerfa. Við mótnun nýs svæðisskipulags voru gerðar umferðarspár, með Kópavogsgöngum annars vegar og án þeirra hins vegar. Umferðarspárnar sýna að áhrif ganganna gætir fyrst og fremast í næsta nágrenni þeirra og þegar fjær dregur verða áhrifin óveruleg. Niðurstaða umferðarlíkans höfuðborgarsvæðisins sýnir að Kópavogsgöng flytja talsvert umferðarmagn af Reykjanesbraut, þar sem fyrir er nægjanleg umferðarrým, yfir á Kringlumýrarbraut þar sem afkastageta er nánast fullnýtt og umferðarrým því lítil (sjá Viðauka). Þessar athuganir studdu þá ákvörðun að gera ekki ráð fyrir Kópavogsgöngum í framtíðargatnakerfi höfuðborgarsvæðisins, eins og það er skilgreint í svæðisskipulaginu (sjá kafla 5).

Í nýju svæðisskipulagi er megin markmiðið að efla almenningssamgöngur og breyta ferðavenjum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett fram stefnu um byggja upp hágæða almenningssamgangnakerfi á höfuðborgarsvæðinu, Borgarlínukerfi. Markmið stefnunnar er að breyta ferðavenjum, m.a. með því að auka hlutdeild almenningssamgangna verulega. Við gerð svæðisskipulags voru gerðar umferðarspár þar sem tekið er mið af breyttum ferðavenjum. Samkvæmt þeim niðurstöðum mun það stofnbrautakerfi sem lagt er til grundvallar í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040, og inniheldur ekki Kópavogsgöng, anna þeirri umferðaraukningu sem gert er ráð fyrir á næstu áratugum nái markmið um breyttar ferðavenjur fram að ganga.

Í greinargerðinni er kynnt tillaga um að fella út Kópavogsgöng af aðalskipulagi Reykjavíkur. Kópavogsbær hefur unnið tillögu um að fella Kópavogsgöng út í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er ekki gert ráð fyrir Kópavogsgöngum sem stofnbraut.

Þar sem stofnkostnaður Kópavogsganga er hár, ávinningur fyrir samgöngur á höfuðborgarsvæðinu er takmarkaður og framkvæmdin samræmist ekki markmiðum gildandi svæðisskipulags né aðalskipulags er lagt til að fella þau út í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

¹ Áður höfðu verið áform um hraðbraut um Fossvogsdal en vegna mótmæla við þeirri framkvæmd voru stofnbraut um dalgin sýnd sem möguleg jarðgöng og má segja að þau hafi verið ákveðin undanfari hugmyndar um Kópavogsgöng.



1. mynd. Gildandi stefna Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Tenging Öskjuhlíðarganga við gangamunn Kópavogsganga í Fossvogsdal og mislæg gatnamót og gangamunni í Suður-Mjódd. Í nágrenni vestari gangamunna er jaðar útivistarsvæði í Fossvogi, opið gróíð land, göngu- og hjólréiðastígar. Stofnbrautin og umferðartengingar liggja um land Ræktunarstöðvar Reykjavíkur og skógrækt í tengslum við hana. Frá Kringlumýrarbraut liggja göngin undir Kópavogshálsinn til suðausturs og tengjast Reykjanesbraut nokkru norðan gatnamóta Fífuhvammsvegar. Á því svæði er verslun og þjónusta og samgöngumannvirki og opið grænt svæði í Suður-Mjódd sem ætlað var undir umferðartengingar. Gert var ráð fyrir mögulegum Kópavogsgöngum í aðalskipulaginu sbr. stefna þágildandi svæðisskipulags. Þó fyrir lægi við gerð aðalskipulagsins, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, að göngin væru vart réttlætanager, þá var vegna innbyrðis samræmis við gildandi svæðisskipulagi ákveðið að fella þau ekki út á þeim tímapunkti, enda lá þá fyrir að fara í heildarendurskoðun á svæðisskipulaginu.

Þar sem tillagan fjallar um niðurfellingu áður áformaðrar stofnbrautar telst breytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og því fylgir tillögunni umhverfisskýrsla (sjá fylgiskjal, umhverfisskýrsla VSÓ-ráðgjafar, júní 2017).

2 Markmið og tilgangur breytinga

Tilgangur aðalskipulagsbreytingar er að samræma aðalskipulag Reykjavíkur við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis og Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Ástæða breytingar er að ekki er lengur talin þörf á Kópavogsgöngum í samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, sbr. þær athuganir sem unnar voru í tengslum við gildandi svæðisskipulag. Breytingin er í góðu samræmi við megin markmið aðalskipulagsins og svæðisskipulagsins.

3 Breytingartillögur

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á aðalskipulaginu:

Þéttbýlisuppráttar (1:20.000). Tákn fyrir stofnbraut og gangamunna í Fossvogsdal eru felld út af þéttbýlisupprætti og tákn fyrir gangamunna og mislæg gatnamót á Reykjanesbraut í Suður-Mjódd eru sömuleiðis felld út. Mörk miðsvæðis M12 í Suður-Mjódd eru stækkuð til austurs og afmörkun svæðis lagfærð. Nettóstækkun miðsvæðis í Suður-Mjódd nemur um 1,4 ha. Ennfremur er legu stíga hnikað til í samræmi við raunverulega legu. Sjá breytingar á næstu opnu.

Breytingar á greinargerð:

Mynd 4 (bls. 149), í kafla um *Vistvænar samgöngur, Aðalgatnakerfi* breytist til samræmis við breytingu á þéttbýlisupprætti. Ekki er fjallað um Kópavogsgöng að öðru leyti í stefnumörkun aðalskipulagsins.

Endurreiknuð heildarstærð miðsvæðis M12 í Mjódd og Suður-Mjódd, sbr. *Tafla 3. Miðsvæði í AR2010-2030*, bls. 52,² verður 18 ha. Stækkun svæðisins stafar annars vegar af stækkun svæðisins í Suður-Mjódd og hinsvegar vegna leiðréttingar á mældri stærð. Breytingar á stærð miðsvæðisins leiða ekki til aukningar á byggingarmagni, eins og það er skilgreint í umræddri töflu.

Í skilgreiningu miðsvæðisins M12 er bætt við viðbótar ákvæði (sjá bls. 209 í kaflanum *Landnotkun*). Heiti M12 svæðisins er ennfremur leiðrétt, en samkvæmt þéttbýlisupprætti nær M12 svæðið bæði til Mjóddar og Suður-Mjóddar. Eftirfarandi breytingar er lagðar til (viðbót/breyting feitletruð):

„M11-M16. Borgarhlutakjarnar.

Fjölbreytt þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og eftir atvikum íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir og veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir, þó með takmörkuðum opnunartíma til kl. 1 um helgar og 23 á virkum dögum. **Í Suður-Mjódd er heimilt að vera með bílasölu samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.**

M11. Spöngin.

M12. Mjódd-Suður-Mjódd

M13. Melabúð+


M14. Austurver.

M15. Glæsibær.


M16. Ásinn (Hraunbær)“

² Stuðst er við og vísað í skipulagsgögn úr undirritaðri staðfestri útgáfu aðalskipulagsins (sjá aðalskipulag.is), í umfjöllun og lýsingu breytinga.

Þéttbýlisuppdráttur fyrir breytingu í Fossvogi:



Þéttbýlisuppdráttur eftir breytingu í Fossvogi:



Þéttbýlisuppráttur fyrir breytingu í Suður-Mjódd:



Þéttbýlisuppráttur eftir breytingu í Suður-Mjódd:



4 Umhverfismat

Sjá fylgiskjal, umhverfisskýrslu VSÓ-ráðgjafar, júní 2017.

5 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, setur ekki fram bindandi stefnu um gerð Kópavogsganga né fjallar um þá tengingu sem möguleika til framtíðar. Í svæðisskipulaginu eru skilgreindir megin stofnvegir og stofngötur, sbr. kort 4, bls. 49 og eru Kópavogsgöng ekki hluti af því kerfi. Auk þeirra gatna sem sýnd eru á kortinu eru nefndir til fleiri stofnvegir, þ.e. Sundabraut, Ofanbyggðarvegur og Öskjuhlíðargöng, án þess að þeir séu sýndir í bindandi legu á uppdrætti. Við vinnslu svæðisskipulagsins var lagt mat á þörf fyrir Kópavogsgöng, grundvallað á umferðarspá til ársins 2040. Niðurstöður þeirrar athugunar voru þær að göngin eru ekki líkleg til að taka á sig mikla umferð og létta þar með á álagi á öðrum stofnbrautum og þjónuðu almennt ekki markmiðum svæðisskipulagsins.³

6 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 27. apríl 2017. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagsstofnunar, hverfisráðs Háaleitis-Bústaða, Hverfisráðs Breiðholts, Vegagerðarinnar Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, aðliggjandi sveitarfélög, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Drög að aðalskipulagsbreytingu voru samþykkt í kynningu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í júlí 2017 og í framhaldinu send á ofangreinda aðila og gerð aðgengileg á vef borgarinnar. Í kjölfar þess funduðu Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, svæðisskipulagsstjóri og VSÓ-ráðgjöf með Vegagerðinni (alls 3 fundir), þar sem farið var nánar yfir tillöguna og þær forsendur sem liggja að baka. Unnar voru frekari greiningar og gögn þar sem áhrif niðurfellingar ganganna voru skoðuð með ítarlegri hætti (sjá Viðauka). Uppfærð drög voru send á alla umsagnaraðila í síðla hausti 2017 og sett á vef borgarinnar. Engar efnislegar athugasemdir hafa borist við drögin að breytingartillögunni (sjá umsagnir í Viðauka).

Kynning tillögudraganna, ásamt umhverfisskýrslu, voru auglýst í fjölmiðlum í lok janúar. Um var að ræða sameiginlega auglýsingu Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar. Boðið var upp á opið hús á skrifstofum sveitarfélaganna þann 30. janúar og 1. febrúar sl.

7 Viðauki

Minnisblað VSÓ-ráðgjafar, 5. mars 2015

Umferðarspá og Kópavogsgöng, VSÓ-ráðgjafar, 9. nóvember 2017

Eldri útfærslur að gatnamótum við Kringlumýrarbraut og Reykjanesbraut

Umsagnir

Sjá einnig fylgiskjal: *Umhverfisskýrsla vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 Kópavogsgöng felld úr skipulagi. VSÓ-ráðgjöf, júní 2017*

³ Sjá minnisblað VSÓ-ráðgjafar, 5. mars 2015 og minnisblað sömu ráðgjafa til Kópavogsbæjar, dagsett, 9. des. 2016.

Minnisblað

Dreifing
Hrafnkell Proppé

5. mars 2015

Tílefni

Umferðarspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins

Kópavogsgöng

13186

Höfundur

GMH

Yfirfarið/Samþykkt

SJ

Efni

Hér er gerð grein fyrir umferðarspá sem gerð var að beiðni Hrafnkels Proppé vegna Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Er hér um að ræða aukatilfelli fyrir þá umferðarspá sem VSÓ Ráðgjöf hefur áður unnið fyrir SSH. Tilgangurinn er að meta möguleg áhrif Kópavogsganga á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins.

Lýsing


Hér er skoðað tilfellið „lágmarksframkvæmdir og breyttar ferðavenjur“ úr fyrri spá að viðbættum Kópavogsgöngum, sem liggja undir Kópavogshálsinn. Endanleg lega Kópavogsganga er ekki ákveðin, en hér er byggt á legu samkvæmt gildandi svæðisskipulagi. Þau eru látin tengjast Hafnarfjarðarvegi nokkurn vegin á móts við N1 í Fossvogi og liggja til suðausturs undir Kópavogshálsinn og tengjast Reykjanesbraut um 800 metrum norðaustan við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Fífuhammsvegar.

Niðurstöður


Mynd 1 sýnir flæði umferðar á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt umferðarspá fyrir 2040 þar sem gert er ráð fyrir byggingu Kópavogsganga. Til samanburðar er sýnt flæðiskort fyrir tilfellið án Kópavogsganga (mynd 2). Myndir 3 og 4 sýna mettnarhlutfall gatna með og án Kópavogsganga, og mynd 5 sýnir mismun umferðar milli tilfellana tveggja.

Um 27 þús. bílar munu fara um Kópavogsgöng samkvæmt spánni. Þegar borin eru saman tilföllin með og án Kópavogsganga sést að áhrifanna gætir fyrst og fremst í næsta nágrenni ganganna, annars staðar eru áhrifin óveruleg.


Á Kringlumýrarbraut eykst umferð um 12 þús. bíla (14%) norðan fyrirhugaðra ganga en minnkar um 13 þús. bíla sunnan ganga (12%). Á Nýbýlavegi er mesta breytingin milli Hafnarfjarðarveggar og Hjallabrekku en þar minnkar umferðin um 3 þús. bíla (15%). Austan Hjallabrekku er breytingin minni, minnkar um ca. þúsund bíla (6%). Á Reykjanesbraut minnkar umferðin um ca. 10 þús. bíla (13%) norðan ganga en eykst um 7 þús. bíla sunnan ganga (10%). Á Digranesvegi eru áhrif ganganna umtalsverð en umferð minnkar um 6 þús. bíla næst Dalvegi (30%) og um 3 þús. bíla milli Hamraborgar og Bröttubrekku (30%). Umferð um Bröttubrekku og Hjallabrekku að Nýbýlavegi minnkar að sama skapi um ca. 30%. Með tilkomu ganganna eykst umferð á Dalvegi umtalsvert m.a. vegna aukins umferðarpunga úr Breiðholti í tengslum við göngin. 2-3 þús. bíla minnkun verður á Sæbraut milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar vegna ganganna.




Mynd 1 Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 miðað við lágmarksuppbyggingu samgöngumannvirkja (nánar skilgreint í umferðarspá svæðisskipulags) að viðbættum Kópavogsgöngum og óbreyttar ferðavenjur.




Mynd 2 Umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu árið 2040 skv. áður birtri umferðarspá, þar sem miðað var við lágmarksuppbyggingu samgöngumannvirkja og óbreyttar ferðavenjur.



Mynd 3 Mettunarhlutfall gatna án Kópavogsganga. Mettunarhlutfall er hlutfall milli umferðar á götu og afkastagetu hennar (volume/capacity hlutfall). Þegar hlutfallið er orðið stærra eða jafnt og 1.0 eru orðnar verulega líkur á umferðartöfum.



Mynd 4 Mettunarhlutfall gatna með Kópavogsgöngum. Mettunarhlutfall er hlutfall milli umferðar á götu og afkastagetu hennar (volume/capacity hlutfall). Þegar hlutfallið er orðið stærra eða jafnt og 1.0 eru orðnar verulega líkur á umferðartöfum.



Mynd 5

Mismunur á umferð með og án Kópavogsganga samkvæmt umferðarspá fyrir 2040.



Umferðarspá svæðisskipulags Kópavogsgöng

9. nóv. 2017

þekkingarleit -ar kv

sér kunnáttu, það að vilja vita e-ð

> að fylla á viskubrunninn

ubrunninn 2 garprá, fróðleiksást, fróð

nfýsi virðing mat, það að meta til v

virða > njóta virðinguna e-m virðingu / ber

árangur árangur (ar) KK 1 ávöxtur, niður

af einhverju > hafa af einhverju > hafa

afrek > árangur í íþr

for|skot HK 1 frestur 2 forhla

for|skot HK 1 frestur 2 forhla

þeim > 100 metra for

Dagskrá

- ▶ Sýna og greina beygjustrauma við gangamunna
- ▶ Upplýsa um upptök og endapunkta ferða
- ▶ Hugmyndir að gatnamótum við gangamunna

þekkingarleit -ar K 1 að afla sér kunnáttu, það er
vilja vita e-ð, efla skilning á e-u
að fylla á viskubrunninn
þekkingarþorsti, þekkingarþr
fróðleiksást, fróðleiksfýsn, námfýsi

árangur árangurs, (árangrar) KK 1 ávöxtur
niðurstaða, það sem leiðir af einhverju > hafa
(þera, gefa) góðan árangur • afrek > árangur

íþróttum 2 / árferði **virðing** -ar, -ar KVK 1 mat, þá
að meta til verðs 2 álit, heiður • það að virða > njó

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u e

e-m **for|skot** HK 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

hefur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja t


erða hefur tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot /

stíutna forskot / hafa gott forskot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þ

Mismunur umferðar


Mismunur umferðar milli tilfella með og án Kópavogsganga. Tölur eru í þús. bíla á sólarhring.

- Grænar tölur sýna heildarumferð án Kópavogsganga.
- Rauðar tölur sýna heildarumferð með Kópavogsgöngum.





Umferð sem fer um bæði göngin



Gatnamót


- ▶ Hlíðarfótur og Kópavogsgöng
- ▶ Kópavogsgöng og Reykjanesbraut

Næstu skref

- ▶ Kynning á vinnslutillögu
- ▶ Umsögn Vegagerðarinnar
- ▶ Vinna úr umsögnum og ábendingum um vinnslutillögu
- ▶ Mótun tillögu að aðalskipulagsbreytingu
- ▶ Auglýsing tillögu


Mismunur umferðar

Mismunur umferðar milli tilfella með og án Kópavogsganga. Tölur eru í þús. bíla á sólarhring.




Úr minnisblaði VSÓ frá 5. mars 2015


Mettunarhlutfall gatna - með Kópavogsgöngum




VSÓ RÁÐGJÖF


Úr minnisblaði VSÓ frá 5. mars 2015







ÖTGAFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	ÖTGAFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	DAGSETNING	20.11.2007		 Fellingsgata 25 105 Reykjavík S: 580 8100 Fax: 580 8101 ve@almenna.is www.almenna.is	Reykjanesbraut í Kópavogi Tillaga A3	Hannað ÞH	Alhugað ÞH	M. 1:2500
										GERT	AÓ				Samb. Þórarinn Hjaltason	KL 041047-3809	
										SAMÞYKKT	ÞH				Daga. nóv. 2007	Nr. 1393.800-Q-02	
										BLADSTERO	A1				Áritanir & teikningu eru á ábyrgð Almennu verkfræðistofunnar hf. kt. 470671-0179		





ÖTGAFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	ÖTGAFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	DAGSETNING		 Félagið 25 - 108 Reykjavík Sí: 540 8100 - Fax: 540 8101 o@almenna.is - www.almenna.is	Reykjanesbraut í Kópavogi Tillaga D3	Hannað ÞH	Alhugað ÞH	M. 1:2500
										GERT				Aó	Samb. Þórarinn Hjaltason	kl. 041047-3809
										SAMÞYKKT				ÞH	Daga. nív. 2007	Nr. 1393.800-Q-04
										BLASTERO				A1	Aritanir á teikningu eru á ábyrgð Almennu verkfræðistofunnar hf. kt. 470671-0179	



ÖTGAFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	ÖTGAFA	BREYTING	DAGSETNING	GERT	SAMÞYKKT	DAGSETNING	20.11.2007		 Félagið 25 - 108 Reykjavík Sí: 580 8100 - Fax: 580 8101 o@almenna.is - www.almenna.is	Reykjanesbraut í Kópavogi		Hannað ÞH	Alhugað ÞH	M. 1:2500
											GERT			AÓ	Verkhönnun Reykjanesbrautar í Kópavogi		Samþ. Þórarinn Hjaltason	KL 041047-3809
											SAMÞYKKT			ÞH	Samsett mynd		Daga. nóv. 2007	Nr. 1393.800-Q-05
											BLADSTERO			A1	Áritanir á teikningu eru á ábyrgð Almennu verkfræðistofunnar hf. kt. 470671-0179			

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Haraldur Sigurðsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. júní 2017

Tilvísun: 201706040 / 3.2

Efni: Lýsing - Kópavogsgöng, gangamunni og stofnbraut felld út

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 16. júní 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 11. maí 2017, vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Meðfylgjandi er minnisblað, Umferðaspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðis, dags. 5. mars 2015, unnið af VSÓ ráðgjöf.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að fella út Kópavogsgöng sem stofnbraut, auk þess að gangamunni við Hafnarfjarðarveg og mislæg gagnamót á Reykjanesbraut í Suður-Mjódd eru felld út. Landnotkun í Suður-Mjódd er breytt og mörk miðsvæðis (M12) mögulega færð til vesturs.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við lýsingu skipulagsverkefnisins en bendir á eftirfarandi atriði:

Fram kemur í lýsingu að skoðaðir verði tveir valkostir. Annars vegar núll-kostur þ.e. landnotkun miðað við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur þar sem gert er ráð fyrir Kópavogsgöngum og hins vegar fyrirhuguð tillaga þar sem göngin eru felld niður og landnotkun breytt við gangamunna. Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana á að lýsa líklegri þróun umhverfisins. Í sumum tilvikum getur það falist í lýsingu á núverandi ástandi, án framfylgdar gildandi aðalskipulags. Þannig á ekki alltaf við að byggja mat og samanburð á umhverfisáhrifum mismunandi valkosta á gildandi aðalskipulagi ef ólíklegt er að viðkomandi stefna aðalskipulagsins komi til framkvæmda á gildistíma skipulagsins.

Stofnunin hvetur til þess að haft verði samráð við Kópavogsbæ varðandi breytinguna, en lýsing á breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar sem varðar m.a. niðurfellingu ganganna var kynnt í apríl 2016. Mikilvægt er að tillögur beggja sveitarfélaga sem efnislega fjalla um niðurfellingu stofnbrautar (Kópavogsganga) og gangamunna við hvorn enda þeirra, séu í innbyrðis samræmi og jafnvel kynntar samhliða, enda er það m.a. markmið þeirra að aðlaga aðalskipulag að stefnumörkun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040.


Sigríður Björk Jónsdóttir

Afrit sent Kópavogsbæ

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík



Reykjavík, 29. júní 2017
Tilvísun: 2011070006
VTH/

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Kópavogsgöng

Vegagerðin hefur móttengið erindi Reykjavíkurborgar, dags. 14.06.2017, varðandi ofangreint mál. Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir við verkefnislýsinguna.

Vegagerðin telur að ekki komi skýrt fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins að fella skuli Kópavogsgöng út úr skipulagi svæðisins. Vegagerðin vísar í þessu sambandi til samkomulags hennar og SSH, dags 17.04.2015, um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við afgreiðslu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að greiningarvinna og gerð sameiginlegra tillagna um hvernig meginstofnvegir muni áfram tryggja umferðaröryggi og afkastagetu, liggi fyrir í lok árs 2016. Þessari vinnu hefur seinkað lítillega, en gera má ráð fyrir að þessari vinnu ljúki nú á haustmánuðum árið 2017. Fyrr en þessar niðurstöður liggja fyrir er ekki fært að huga að neinum breytingum á stofnvegum höfuðborgarsvæðisins sem teljast til þjóðvega.

Þessu til viðbótar má nefna í þessu sambandi að áður hefur komið fram að Reykjavíkurborg telur Kópavogsgöng nauðsynlega forsendu Öskjuhlíðarganga eins og fram kemur á bls. 16 í skipulagslýsingu hverfissskipulags Borgarhluta 5, Háaleiti Bústaðir. Þar segir: „Sem hluti af framtíðaruppbyggingu Vatnsmýrar er í AR 2010-2030 gert ráð fyrir stofnbraut undir Öskjuhlíð (Öskjuhlíðargöng) milli Vatnsmýrar og Kringlumýrarbrautar í Fossvogsdal. Til þess að Öskjuhlíðargöng skili tilætluðum árangri (beini umferð frá íbúðahverfum) er talið að göngin þurfi að halda áfram undir Kópavogshálsinn og tengjast þannig ekki aðeins Kringlumýrarbraut heldur einnig Reykjanesbraut....“

Vegagerðin leggst því gegn niðurfellingu Kópavogsganga úr aðalskipulagi Reykjavíkur að svo komnu máli.

Virðingarfyllt,


Valtýr Þórisson

Afrit: Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Suðursvæðis Vegagerðarinnar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 7.07.2017
1706003 SB

Efni: **Kópavogsgöng - Verkefnislýsing vegna skipulagsbreytinga**

Á 77. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 23. júní 2017 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lögd er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Fyrirhuguð breyting er til að samræma aðalskipulag Reykjavíkur við breytingar sem unnið er að á aðalskipulagi Kópavogs. Ástæða breytingar er að ekki er lengur talin þörf á Kópavogsgöngum í samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, sbr. þær athuganir sem unnar voru í tengslum við gildandi svæðisskipulag.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við Reykjavíkurborg að við mat á áhrifum breytinganna verði horft til nýrrar umferðarspár sem VSÓ mun gera fyrir höfuðborgarsvæðið nú í sumar. Að öðru leyti gerir nefndin engar athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Mál nr. 211060102
Skjalasafn Ráðhúss
14. júlí 2017
Bréfatýkill: 6610



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Garðabæ, 11.07.2017
Mál nr. 1706280


Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Kópavogsgöng

Á fundi skipulagsnefndar Garðabæjar þann 4. júlí sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.


„Lögð fram verkefnislýsing að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem gerir ráð fyrir því að gera ekki lengur ráð fyrir Kópavogsgöngum við bæjarmörk að Kópavogi í Fossvogsdal og við Suður-Mjódd. Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við verkefnislýsinguna.“

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,


Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri





Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 24.07.2017
erindi nr. 201706187/19.2 ÓM

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 441. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 21. júlí 2017, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Kópavogsgöng

Lagt fram. Ekki er gerð athugasemd við erindið. Skipulagsnefnd bendir þó á að mikilvægt sé að hugað verði sérstaklega að heildstæðri skoðun á samgöngumátum á höfuðborgarsvæðinu.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

 Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar
Olafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

Athugi er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.



Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 8. ágúst 2017
UST201706-199/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030 – Kópavogsgöng. Umsögn

Vísað er til bréfs Reykjavíkurborgar dags. 14. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar sem felst í því að stofnbraut er felld út.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu sem er að hluta tilkomin vegna aukinnar áherslu á almenningssamgöngur á Höfuðborgarsvæðinu. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfullt

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
v.t. skipulags- og umhverfisráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 25.09.2017
1706003 SB

Efni: **Niðurfelling Kópavogsganga -vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar**

Á 78. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 8. september 2017 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lögð er fram vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga til umsagnar.

Kópavogsgöng eru ekki hluti af skilgreindu stofnvegakerfi sem heyrir undir svæðisskipulag. Samkvæmt umferðarspá verður heildarakstur, þ.e. eknir km, á höfuðborgarsvæðinu nánast sá sami með og án Kópavogsganga og leiðastytting því nánast engin. Um mjög kostnaðarsama framkvæmd yrði um að ræða sem fælist í að bora göng undir íbúðabyggð og útbúa tengingar við umferðamestu stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsgöng virðast því ekki þjóna því yfirlýsta markmiði að létta á umferð á stóru stofnbrautunum nema að takmörkuðu leyti.

Niðurstaða

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við vinnslutillöguna. Gangagerð á þessu svæði skilar litlum sem engum ávinningi fyrir umferðarflæði innan höfuðborgarsvæðisins og eru mjög kostnaðarsamar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

USK Skipulag

Frá: Valtýr Þórisson <valtyr.thorisson@vegagerdin.is>
Sent: 23. nóvember 2017 13:54
Til: Haraldur Sigurðsson; USK Skipulag
Afrit: Jónas Snæbjörnsson; Svanur G. Bjarnason
Efni: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - niðurfelling Kópavogsganga. Uppfærð drög að breytingartillögu

Tilvísun í mál 2011070006.

Vegagerðin hefur móttengið erindi Reykjavíkurborgar, dags. 10.10.2017 og einnig 22.11.2017, varðandi ofangreint mál.

Eins og fram kemur í uppfærðum drögum hefur Reykjavíkurborg átt samráð við Vegagerðina, Kópavogsbæ, svæðisskipulagsstjóra og VSÓ Ráðgjöf vegna tillögu um að fella út Kópavogsgöng af aðalskipulagi Reykjavíkur. Þar var farið nánar yfir tillöguna og þær forsendur sem liggja að baki. Unnar voru frekari greiningar og gögn þar sem áhrif niðurfellingar ganganna voru skoðuð með ítarlegri hætti.

Niðurstaðan er sú að Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst, Valtýr Þórisson



Valtýr Þórisson

Deildarstjóri, áætlanadeild
Byggingarverkfræðingur, M.Sc.

Civil Engineer, M.S.C.E.

Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA)

+354 522-1024 | +354 860-5603

Borgartúni 5-7 | 105 Reykjavík

valtyr.thorisson@vegagerdin.is

www.vegagerdin.is



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 6.12.2017
1706003 SB

Efni: **Kópavogsgöng**

Á 79. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 24. nóvember 2017 sl. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lögð fram til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Kópavogsgöng eru ekki hluti af skilgreindu stofnvegakerfi sem heyrir undir svæðisskipulag. Samkvæmt umferðarspá verður heildarakstur, þ.e. eknir km, á höfuðborgarsvæðinu nánast sá sami með og án Kópavogsganga og leiðastytting því nánast engin. Um mjög kostnaðarsama framkvæmd yrði um að ræða sem fælist í að bora göng undir íbúðabyggð og útbúa tengingar við umferðamestu stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu. Kópavogsgöng virðast því ekki þjóna því yfirlýsta markmiði að létta á umferð á stóru stofnbrautunum nema að takmörkuðu leyti.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við vinnslutillöguna. Gangagerð á þessu svæði skilar litlum sem engum ávinningi fyrir umferðarflæði innan höfuðborgarsvæðisins og eru mjög kostnaðarsamar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



Reykjavíkurborg

Umhverfisskýrsla vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Kópavogsgöng felld úr skipulagi

Júní 2017

Efnisyfirlit

1	Nálgun og áherslur matsvinnu	3
2	Áhrifaþættir og umhverfiþættir	3
3	Framsetning og skilgreining umhverfisáhrifa	3
4	Samanburður valkosta	4
5	Umhverfismat	4
5.1	Samgöngur	4
5.2	Lýðheilsa	6
5.2.1	<i>Hljóðvist</i>	6
5.2.2	<i>Loftgæði</i>	7
5.3	Landslag/ásýnd	9
5.4	Loftslag	9
5.5	Lífriki	9
5.6	Útivist	9
5.7	Verndarsvæði	10
6	Niðurstöður umhverfismats	10
7	Heimildir	10

1 Nálgun og áherslur matsvinnu

Umhverfismatsvinna fer fram samhliða vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og er unnið í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þannig er stuðlað að horft verði til umhverfissjónarmiða við mótnun tillögu að breytingu. Matið byggir á að skoða helstu áhrifaþætti sem felast í að fella Kópavogsgöng út í aðalskipulagi Reykjavíkur, skilgreina umhverfisþætti sem kunna að verða fyrir áhrifum, leggja mat á umfang og vægi áhrifa, og tilgreina mótvægisaðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif ef þörf ber til.

2 Áhrifaþættir og umhverfisþættir

Þeir þættir breytingartillögunnar sem taldir eru hafa áhrif á umhverfið eru umferðarþungi á nærliggjandi götum auk þess sem að ekki verður af raski vegna framkvæmda. Litið var til allra umhverfisþátta sem komu fram í umhverfismati Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og vinsaðir út þeir þættir sem líkur eru að verða fyrir áhrifum vegna breytingartillögunnar. Þeir umhverfisþættir sem lögð er áhersla á í umhverfismati eru samgöngur, lýðheilsa, landslag/ásýnd og loftslag en einnig er fjallað almennt um möguleg áhrif breytinga á lífríki, útivist og verndarsvæði.

Í matslýsingu voru skilgreindar matsspurningar fyrir hvern umhverfisþátt. Þær spurningar eru notaðar til að meta áhrifin og má sjá þær helstu hér fyrir neðan í Tafla 2.1.

Tafla 2.1 Matsspurningar

Matsspurningar	
Samgöngur - Hefur áætlun áhrif á umferð á Kringlumýrarbraut, Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi? - Hefur áætlun áhrif á umferð á öðrum vegum/götum? Lýðheilsa - Hefur áætlun áhrif á hljóðvist við Kringlumýrarbraut, Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarveg? - Hefur áætlun áhrif á loftgæði við Kringlumýrarbraut, Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarveg?	Landslag/ásýnd - Hefur áætlun áhrif á náttúrulega lögun strandlengju Fossvogs? - Hefur áætlun áhrif á ásýnd svæða þar sem nú er gert ráð fyrir gangamunnum? Loftslag - Hefur áætlun áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum?

3 Framsetning og skilgreining umhverfisáhrifa

Í umhverfismatinu hefur verið stuðst við vægiseinkunnir við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar, valkosta og einstökum þáttum hennar (Tafla 3.11).

Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 3.1 Skýringar á hugtökum sem notuð eru til að meta áhrif framkvæmda á hvern umhverfisþátt

Einkunn	Skýring
Mjög Jákvæð	Veruleg jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta. Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvisu og/eða ná til mikils fjölda fólks. Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega. Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.
Jákvæð	Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta. Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta. Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 o.s.frv.).

	Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.
Óveruleg neikvæð	Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþáttar. Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks. Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþáttar. Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.
Neikvæð	Breyting á einkennum umhverfisþáttar. Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar. Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.
Mjög neikvæð	Veruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar. Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 57. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega. Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.
Óvissa	Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. Skortur á upplýsingum, óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga, óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.
Engin áhrif / á ekki við	Engin áhrif / á ekki við

4 Samanburður valkosta

Tveir valkostir eru bornir saman í umhverfismati. Annars vegar sá kostur að fella Kópavogsgöng út og hins vegar núllkostur, þar sem Kópavogsgöng eru áfram inni á aðalskipulagi.

5 Umhverfismat


Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir hvaða áhrif breytingartillagan kann að hafa á skilgreinda umhverfisþætti.

5.1 Samgöngur

Aðalskipulagsbreyting kemur líklega til með að hafa óveruleg áhrif á samgöngur. Gerðar voru umferðarspár í undirbúningi Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 sem sýna sviðsmyndir af umferð með og án Kópavogsganga fyrir árið 2040. Skv. þeim munu áhrif ganganna gæta fyrst og fremst í næsta nágrenni gangamunna en þegar fjær dregur verða áhrif ganganna óveruleg (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. des. 2016).

Ef af Kópavogsgöngum verður er gert ráð fyrir um 27 þús. bílar sem munu fara um göngin á sólarhring samkvæmt spánni. Þau myndu draga úr umferð á Reykjanesbraut, norðan gangamunna, um u.þ.b. 10-11 þús. bíla á sólarhring, eða um 12% fækkun. Sá mismunur myndi hins vegar leggjast allur á Kringlumýrarbraut en gert er ráð fyrir 14% umferðaraukningu þar. Á Reykjanesbraut, sunnan gangamunna, gæti umferð aukist um 7

þús. bíla á sólarhring eða um 10% aukning. Breyting sunnan Arnarnesvegjar er varla mælanleg. Með tilkomu Kópavogsganga fækkar bílum á Hafnarfjarðarvegi sunnan gangnamunna um 13 þús. bíla á sólarhring og sunnan Kópavogsháls um 5 þús. eða um 8% fækkun (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. des. 2016).



Á öðrum götum má sjá að helsti munur valkosta á umferðarmagni er í Kópavogi. Á Nýbýlavegi, á milli Hafnarfjarðarvegjar og Hjallabrekku, minnkar umferð um 15%, um 3 þús. bíla á sólarhring. Austan Hjallabrekku er breytingin minni eða um 6%, þ.e. fækkun um 1 þús. bíla, en á Digranesvegi, næst Dalvegi, minnkar umferð um 30%, eða um 6

þús. bíla. Á Digranesvegi, milli Hamraborgar og Bröttubrekku, minnkar umferð einnig um 30% , eða um 3 þús. bíla (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 5. mar. 2015).

Í Reykjavík yrðu áhrif ganganna minni líkt og sjá má á Mynd 5.1. Umferð um fyrirhuguð Öskjuhlíðargöng myndu aukast um 2 þús. bíla á sólarhring, eða um 8,7% ef af Kópavogsgöngum verður. Umferð um Bústaðaveg, austan Kringlumýrarbrautar, myndi minnka um 1 þús. bíla á sólarhring, eða um 3,4% og vestan Kringlumýrarbrautar myndi umferð minnka um 1 þús. bíla, eða um 2,4%. Umferð um Miklubraut myndi minnka um 2 þús. bíla á sólarhring, eða um 2% við Sogamýri og 2,5% við Skeifuna (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 5. mar. 2015).

Samkvæmt umferðarspá verður heildarakstur, þ.e. eknir km, á höfuðborgarsvæðinu nánast sá sami með og án Kópavogsganga og leiðastytting því nánast engin. Heildaraksturstími á höfuðborgarsvæðinu reiknast örlítið lengri án Kópavogsganga eða um 1%. Munurinn á heildartafatíma með og án Kópavogsganga er óverulegur. Í tilfelli með göngum má rekja 17% ferðatímans beint til umferðartafa en í tilfelli án ganga hækkar þetta hlutfall í 18% (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. des. 2016). Með vísan í ofangreint virðast Kópavogsgöng því ekki þjóna því yfirlýsta markmiði að létta á umferð á stóru stofnbrautunum nema að takmörkuðu leyti.

5.2 Lýðheilsa

5.2.1 Hljóðvist

Umferð í Reykjavík er megin áhrifavaldur á hljóðvist í borginni vegna hávaða sem myndast frá dekkja- og veggnaði og einnig vegna vind- og vélahávaða. Hávaðinn eykst með auknum hraða og telst hávaði vegna hans vera orðinn yfirgnæfandi þegar hraði er orðinn meiri en 50 km/klst. Hávaðamörk vegna umferðar má sjá í Þegar valkostirnir eru bornir saman má sjá að helsti munur á umferðarmagni yrði á Reykjanesbraut, Hafnarfjarðarvegi og Kringlumýrarbraut. Ef af Kópavogsgöngum yrði myndi umferð minnka á Reykjanesbraut norðan gangamunna um 10-11 þús. bíla á sólarhring en sunnan gangamunna myndi umferð aukast um 7 þús. bíla. Á Hafnarfjarðarvegi myndi umferð minnka um 13 þús. fyrir tilstilli ganga en aukast að sama skapi á Kringlumýrarbraut (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. des. 2016).

Helsti munur valkosta á hljóðvist er því sá að hávaði vegna umferðar færist úr stað á stofnbrautunum eftir hvar umferðin breytist. Á Digranesvegi og Nýbýlavegi myndi hljóðvist minnka en aukast á Dalvegi ef af Kópavogsgöngum yrði. Á öðrum götum í Reykjavík yrði breyting á umferð óveruleg og því lítil áhrif á hljóðvist (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 5. mar. 2015). Áhrif aðalskipulagsbreytingar á hljóðvist eru því á heildina talin óveruleg.

Reykjavíkurborg vinnur eftir aðgerðaáætlun gegn hávaða þar sem hljóðvist er vöktuð. Þeirri vöktun verður haldið áfram og gripið til nauðsynlegra aðgerða ef þörf þykir.

Tafla 5.1. Á mynd 5.2. má sjá grunnástand hljóðvistar í Reykjavík. Í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er miðað að veruleg breyting á umferðarmagni sé þegar fjöldi ökutækja á sólarhring hefur aukist um 10.000 bíla eða meira á götum þar sem skilgreindur umferðarhraði er 50 km/klst. eða hærri.


Þegar valkostirnir eru bornir saman má sjá að helsti munur á umferðarmagni yrði á Reykjanesbraut, Hafnarfjarðarvegi og Kringlumýrarbraut. Ef af Kópavogsgöngum yrði myndi umferð minnka á Reykjanesbraut norðan gangamunna um 10-11 þús. bíla á sólarhring en sunnan gangamunna myndi umferð aukast um 7 þús. bíla. Á Hafnarfjarðarvegi myndi umferð minnka um 13 þús. fyrir tilstilli ganga en aukast að sama skapi á Kringlumýrarbraut (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. des. 2016).

Helsti munur valkosta á hljóðvist er því sá að hávaði vegna umferðar færist úr stað á stofnbrautunum eftir hvar umferðin breytist. Á Digranesvegi og Nýbýlavegi myndi hljóðvist minnka en aukast á Dalvegi ef af Kópavogsgöngum yrði. Á öðrum götum í Reykjavík yrði breyting á umferð óveruleg og því lítil áhrif á hljóðvist (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 5. mar. 2015). Áhrif aðalskipulagsbreytingar á hljóðvist eru því á heildina talin óveruleg.

Reykjavíkurborg vinnur eftir aðgerðaáætlun gegn hávaða þar sem hljóðvist er vöktuð. Þeirri vöktun verður haldið áfram og gripið til nauðsynlegra aðgerða ef þörf þykir.

Tafla 5.1 Heilsuverndarmörk hávaða samkvæmt reglugerð 724/2008

Tegund húsnæðis	Hávaðamörk vegna umferðar ökutækja (ÁDU) LAeq24	
	Við húsvegg	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	55	30
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	65	30
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	55	30
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði		35
Leik- og grunnskólar	55	30
Kennslurými framhaldsskóla		35
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		40



Mynd 5.2 Hljóðstig í Reykjavík 2010 (Umhverfisstofnun, e.d.)

5.2.2 Loftgæði

Loftgæði í Reykjavík eru samkvæmt rannsóknum almennt nokkuð góð en þó skapast annað slagið skilyrði þar sem styrkur mengunarefna í lofti fer yfir heilsuverndarmörk. Þau efni í andrúmslofti sem eru vöktuð að staðaldrí á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt kröfum í reglugerð nr. 251/2002 eru Brennisteinsdíoxíð (SO₂), köfnunarefnisdíoxíð (NO₂), kolmónoxíð (CO), bensen (C₆H₆) og svifryk (PM₁₀) auk þess sem styrkur brennisteinsvetnis (H₂S) í andrúmslofti er vaktuður skv. reglugerð nr. 514/2010. Köfnunarefnisdíoxíð og svifryk á að mestu upptök sín frá umferð og eru líklegust þessara efna til að mælast yfir heilsuverndarmörkum í andrúmslofti, en önnur efni mælast yfirleitt langt undir mörkum.


Svifryk eru rykagnir vegna slits á malbiki, dekkjum og bremsuborðum, en einnig vegna sóts sem myndast við bruna eldsneytis. Köfnunarefnisdíoxíð er eitruð lofttegund sem stafar af bruna eldsneytis í vélum bifreiða. Þessi mengunarefni finnast því mest við stórar umferðaræðar þar sem mengun getur safnast upp.

Niðurstöður mælinga á loftgæðum frá mælistöð sem staðsett er við Grensás í Reykjavík má sjá í töflu 5.2 og mynd 5.3. Þar sést að svifryk er innan marka sem sett eru í reglugerð hvað varðar leyfilega fjölda daga á ári sem styrkur svifryks má fara yfir heilsuverndarmörk. Einnig sést að köfnunarefnisdíoxíð (NO₂) er ekki að fara yfir heilsuverndarmörk miðað við ársmeðaltal.

Tafla 5.2 Heilsuverndarmörk svifryks* og mælingar við Grensás, Reykjavík árið 2011, 2013 og 2015 (Þorsteinn Jóhannsson, Umhverfisstofnun, tölvupóstur, 19. júní 2017)

Mengunarefni	Heilsuverndar mörk á sólarhring	Leyfilegur fjöldi daga á ári sem styrkur svifryks má fara yfir heilsuverndar mörk	Fjöldi daga sem styrkur svifryks fór yfir heilsuverndar mörk	Fjöldi daga sem styrkur svifryks fór yfir heilsuverndar mörk	Fjöldi daga sem styrkur svifryks fór yfir heilsuverndar mörk
			2011	2013	2015
Svifryk	50 µg/m ³	35	16	9	16

*Skv. reglugerð nr. 251/2002



Mynd 5.3 Heilsuverndarmörk köfnunarefnisdíoxíð skv. reglugerð nr. 251/2002 og mælingar við Grensás, Reykjavík 1995-2015 (Þorsteinn Jóhannsson, Umhverfisstofnun, tölvupóstur, 19. júní 2017)

Ef af Kópavogsgöngum yrði myndi umferð minnka á Reykjanesbraut norðan gangamunna, Hafnarfjarðarvegi, Nýbýlavegi og Digranesvegi og þar yrðu staðbundin jákvæð áhrif á loftgæði. Umferð myndi hinsvegar aukast á Kringlumýrarbraut, Reykjanesbraut sunnan gangamunna og á Dalsvegi og þar yrðu staðbundin neikvæð áhrif á loftgæði. Þegar fjær dregur frá göngum minnka áhrif ganganna á umferð og þar af leiðandi á loftgæði.

Þar sem hvorugur valkosturinn felur í sér umtalsverða umferðaukningu í samanborið við hinn (VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. des. 2016) telst aðalskipulagsbreyting því hafa óveruleg áhrif á loftgæði á heildina lítið þó mögulega yrði staðbundinn munur á loftgæðum við einstakar götur.

Áframhaldandi vöktun verður á loftgæðum skv. kröfum reglugerðar nr. 251/2002 og eru fastar mælistöðvar, sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með, m.a. á Grensásvegi í Reykjavík og Dalsmára í Kópavogi.

5.3 Landslag/ásýnd

Áhrif aðalskipulagsbreytingar á landslag og ásýnd svæðis eru talin verulega jákvæð. Landslag við Fossvoginn einkennist af opnu svæði með ávala lögun og góðu víðsýni, miðað við þéttbýli. Svæðið er gróíð og mannvirki eru almennt lágstemmd þannig að helsti áhrifaþáttur ásýndar er útsýnið yfir Fossvoginn. Við eystri hluti ganganna, Reykjanesbraut er landslagið einnig opið, gróíð með nokkuð lágstemmda byggð. Ef farið verður í framkvæmdir á Kópavogsgöngum mun það líklega hafa verulega neikvæð áhrif á ásýnd byggðarinnar, sér í lagi við Fossvog, vegna þeirra veltenginga og landmótunar sem framkvæmdin við Kópavogsgöng felur í sér. Umfang samgöngumannvirkjanna er óþekkt en gætu mögulega haft áhrif á náttúrulega lögun strandlengju Fossvogs vegna þess hve landrýmið þar er takmarkað.

5.4 Loftslag

Samkvæmt útreikningum í Aðgerðaáætlun um sjálfbæra orkunýtingu í Reykjavík (2011) er losun vegna samganga 77% af heildarlosuninni. Í Loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar

(2106) snúast aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrst og fremst um orkuskipti og breyttar ferðavenjur. Í umhverfisskýrslu aðalskipulags Reykjavíkur kemur enn fremur fram að breyttar ferðavenjur munu fela í sér mestan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, miðað við þær sviðsmyndir sem þar voru til skoðunar, en uppbygging eða aðrar framkvæmdir tengdar byggðapróun hafa ekki bein á loftslag. Niðurfelling Kópavogsganga úr aðalskipulagi er því líkleg til að hafa óveruleg áhrif á loftslag. Í þeim útreikningum var ekki tekið tillit til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda frá framkvæmdunum sjálfum en framkvæmdir við Kópavogsgöng myndu hafa í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda.

5.5 Lífríki

Breytingartillagan er líkleg að hafa jákvæð áhrif á lífríki, gróðurfar og dýralíf, innan afmörkun hennar. Gróðurfar einkennist af sjálfsánum trjám og runnum þeim megin Kringlumýrarbrautar sem snýr að Fossvoginum og einnig á svæðinu við Íþróttamiðstöð ÍR, sunnan Reykjanesbrautar. Austan við Kringlumýrarbraut einkennist gróðurfar af ræktuðum trjágróðri en þar er Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar staðsett. Gróðurfar við eystri hluti ganganna, norðan Reykjanesbraut, er með svipuðum hætti en þar er Gróðrarstöðin Storð. Ef af Kópavogsgöngum verður skv. gildandi aðalskipulagi er líklegt að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á gróðurfar innan afmörkunar tillögunnar.

Breytingartillagan er líklega að hafa jákvæð áhrif á dýralíf innan afmörkunar tillögunnar. Ef að Kópavogsgöngum verður mun umfang samgöngumannvirkjanna líklega hafa neikvæð áhrif á dýralíf, sér í lagi við Fossvoginn sem er nærri afmörkun breytingartillögunnar. Fossvogurinn er hentugur fuglaskoðunarstaður en sunnanverður Fossvogurinn, innan bæjarmarka Kópavogs er friðlýstur sem mikilvægt búsvæði fugla (Auglýsing um búsvæðavernd í Skerjafirði innan bæjarmarka Kópavogs, 2012). Strandlengjan er að mestu ósnortin með mikið fæðuframboð fyrir fugla í þangfjörum, sendnum leirum og grunnsævi.

5.6 Útivist

Aðalskipulagsbreytingin er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á útivist innan afmörkun tillögunnar eða næsta nágrenni þess. Meðfram Fossvoginum að norðanverðum liggur stígakerfi sem tengjast m.a. útivistarsvæðinu Nauthólsvík og Öskuhlíð. Ef af Kópavogsgöngum verður skv. gildandi aðalskipulagi þyrfti líklega að breyta legu göngu- og hjóltreiddastíga í samræmi við umfang samgöngumannvirkjanna.

5.7 Verndarsvæði

Breyting á aðalskipulagi er líkleg að hafa jákvæð áhrif á verndarsvæði sem eru á náttúruminjasrá. Í jaðri afmörkunar breytingartillögunar eru Fossvogsbakkar, sem eru friðlýstir sem náttúruvættir vegna jarðminja en þar eru að finna sjávarsetlög frá lok ísaldar fyrir 11.000 árum (Auglýsing um Friðlýsingu Fossvogsbakka í Reykjavík, 1999). Ef farið yrði í framkvæmd Kópavogsganga er möguleiki á að Fossvogsbakkarnir yrðu fyrir neikvæðum áhrifum vegna umfang samgöngumannvirkjanna sem framkvæmdin felur í sér. Engin vatnsverndarsvæði eru innan afmörkunar tillögunnar né svæði sem njóta verndar skv. 61. grein laga nr 60/2013 um náttúruvernd.

6 Niðurstöður umhverfismats

Helstu niðurstöður umhverfismats tillögu að aðalskipulagsbreytingu má sjá í töflu 6.1. Breytingartillagan er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á landslag/ ásýnd og jákvæð áhrif á lífríki og verndarsvæði en óveruleg áhrif á samgöngur, lýðheilsu, loftslag og útivist. Núllkostur þar sem Kópavogsgöng eru skv. gildandi aðalskipulagi er líkleg til að hafa verulega neikvæð áhrif á landslag/ásýnd og neikvæð áhrif á lífríki og verndarsvæði. Núllkostur er líklegur til að hafa óveruleg áhrif á samgöngu, lýðheilsu, loftslag og útivist.

Áframhaldandi vöktun verður á hljóðvist og loftgæðum.

Tafla 6.1 Samantekt umhverfisáhrifa

Valkostur	Umhverfispættir						
	Samgöngur	Lýðheilsa	Landslag/ ásýnd	Loftslag	Lífriki	Útivist	Verndar- svæði
Breytingartillaga, Kópavogsgöng felld út	Óveruleg	Óveruleg	Veruleg jákvæð	Óveruleg	Jákvæð	Óveruleg	Jákvæð
Kópavogsgöng skv. gildandi aðalskipulagi	Óveruleg	Óveruleg	Veruleg neikvæð	Óveruleg	Neikvæð	Óveruleg	Neikvæð

7 Heimildir

Auglýsing um búsvæðavernd í Skerjafirði innan bæjarmarka Kópavogs (2012). Stjórnartíðindi, B-deild, nr. 109.

Auglýsing um Friðlýsingu Fossvogsbakka í Reykjavík (1999). Stjórnartíðindi, B-deild, nr. 236.

Reykjavíkurborg. (2011). *Aðgerðaráætlun um sjálfbæra orkunýtingu í Reykjavík*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg. (e.d.) *Loftgæði í Reykjavík*. <http://reykjavik.is/thjonusta/loftgaedi-i-reykjavik>

Reykjavíkurborg. (2016). *Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.

Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags. 9. desember 2016, *Breyting á aðalskipulagi – niðurfelling Kópavogsganga*.

VSÓ Ráðgjöf, minnisblað dags 5. mars 2015, *Umferðarspá Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins*.

Þorsteinn Jóhannsson, Umhverfisstofnun, tölvupóstur, 19. júní 2017



Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 2. júlí 2018

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Kópavogsgöng. Stofnbraut og gangamunni í Fossvogsdal felldur út. Gangamunni og mislæg gatnamót felld út í Suður-Mjódd. Breytt landnotkun í Suður-Mjódd. Umsögn að lokinni auglýsingu.

Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu og umsögn í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagstillagan:

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 22. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Breytingartillögunni fylgdi umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Tillagan gerir ráð fyrir að Kópavogsgöng verði felld út af aðalskipulagi, ásamt tilheyrandi umferðartengingum í Fossvogi og Suður-Mjódd. Jafnhliða því er miðsvæði í Suður-Mjódd stækkað til austurs. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 gerir ekki ráð fyrir Kópavogsgöngum í sinni stefnumörkun. Kópavogsbær hefur einnig auglýst breytingu sem gerir ráð fyrir að fella út Kópavogsgöng af sínu aðalskipulagi. Aðalskipulagstillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar.

Aðalskipulagstillagan var auglýst á tímabilinu frá 11. maí 2018 til og með 22. júní 2018.

Engar athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingatíma hennar. Nokkrar umsagnar bárust við drög að tillögunni í vinnsluferlinu, sem horft var til. Í umsögn Vegargerðar frá 23. nóvember 2017 eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna.

Afgreiðsla aðalskipulagsbreytingar, sbr. einnig 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006:

Lagt er til að auglýst aðalskipulagsbreyting verði samþykkt óbreytt, ásamt meðfylgjandi umhverfismati.

Haraldur Sigurðsson